



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1458  
komudagur 22.4.2005

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62 19. maí 1994, með síðari breytingum (14. samningsviðauki), 648. mál sem lagt hefur verið fram á 131. löggjafarþingi 2004 - 2005, nánar tiltekið þingskjal 980.

Í greinargerð kemur fram að helsti tilgangur samningsviðauka nr. 14 sé að auka skilvirkni mannréttindadómstóls Evrópu svo markmiðum sáttmálans um vernd mannréttinda verði náð. Á síðustu árum hefur mála fjöldi fyrir dómstólnum margfaldast en líkur eru til að kærur haldi áfram að fjölga m.a. vegna vaxandi þekkingar á sáttmálanum innan aðildarríkjanna, gildistöku samningsviðauka nr. 12, fullgildingar aðildarríkja á samningsviðaukum sem þau átti ekki aðild að áður, túlkun dómstólsins á sáttmálanum sem "lifandi tæki/gerð" (e. *living instrument*) auk hugsanlegrar aðildar Evrópusambandsins að sáttmálanum. Nú þegar á dómstóllinn erfitt með að sinna auknum kærufjölda með fullnægjandi hætti svo ljóst er að breytinga er þörf.

Mannréttindaskrifstofan fagnar í meginráttum efni frumvarpsins og samningsviðauka nr. 14. Margt er þar til þess fallið að styrkja starf dómstólsins og auka skilvirkni hans, einkum með tilliti til meðferðar kæra sem reynast ótækar til efnismeðferðar.

Skrifstofan vill þó benda á að við gerð viðaukans var ákvæði 12. gr. afar umdeilt. Þar er kveðið á um nýtt skilyrði fyrir því að kæra teljist tæk til efnismeðferðar. Samkvæmt ákvæðinu skal vísa frá kæru vegna meints brot ef ekki verður séð að kærandi hafi orðið fyrir *umtalsverðu óhagræði*, svo fremi sem virðing fyrir mannréttindum, sem kveðið er á um í sáttmálanum og viðaukum, krefjist ekki að efni kæru sé skoðað eða um sé að ræða mál sem innlendir dómstóll hefir ekki fjallað um á viðunandi hátt.

Í þessu sambandi telur Mannréttindaskrifstofan rétt að vekja athygli á 32. gr. sáttmálans sem kveður á um að lögsaga dómstólsins nái til *allra* málefna varðandi túlkun og framkvæmd hans og samningsviðauka við hann. Leiða má rökum að því að með hinu nýja skilyrði sé horfið frá þeirri grundvallarreglu sáttmálans að sérhver einstaklingur sem telur á sér brotin réttindi sem vernduð eru í sáttmálanum eigi þess kost að leita úrskurðar dómstólsins

Við gerð viðauka nr. 14 var áhersla lögð á nauðsyn innlendra aðgerða, til jafns við ákvæði viðaukans. Í yfirlýsingu við samþykkt viðaukans hnykkti ráðherra nefnd Evrópuráðsins á að breytingar á sáttmálanum nái aðeins tilgangi sínum ef einarðar innlendir aðgerðir fylgi. Ráðherra nefndin telur mikilvægt að markvisst verði unnið á



sviði löggjafar-, framkvæmda- og dómsvalds til að tryggja vernd sáttmálaréttindanna í aðildarríkjum. Þá verði komið á skilvirkara eftirlitskerfi til að tryggja að lög, frumvörp til laga og stjórnvaldsaðgerðir fari ekki í bága við þau réttindi sem tryggð eru í sáttmálanum. Skilvirkni innlendra úrræða sem bæta mönnum brot á sáttmálaréttindum verði aukin og stjórnvöld framfylgi dómum mannréttindadómstólsins. Þá má ekki gleyma mikilvægi fræðslu og óháðs eftirlits til að stuðla að vernd mannréttinda innanlands en hér hafa frjáls félagsamtök og sjálfstæðar mannréttindastofnanir mikilvægu hlutverki að gegna.

Mannréttindaskrifstofan áréttar að aðgerðir til léttu álagi af mannréttindadómstólnum og tryggja framtíð og langtíma virkni hans takmarkast ekki við samningsviðauka nr. 14. Nauðsynlegt er að treysta fjárhagslegan grundvöll dómstólsins, tryggja virðingu fyrir þeim réttindum sem kveðið er á um í sáttmálanum og auka skilvirkni úrræða innanlands. Þá er mikilvægt að dómum dómstólsins sé framfylgt hér á landi.

Ljóst er að aðeins með heildstæðum aðgerðum verður unnt að taka á þeim vanda sem dómstóllinn glimir við og er það von Mannréttindaskrifstofu Íslands að islensk stjórnvöld verði í framvarðasveit í þeirri vinnu.

Virðingarfyllst,  
f. h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Reykjavík, 19. apríl 2005.

Guðrún D. Guðmundsdóttir, frkv.stj.